



STJÓRNARFUNDUR 2.JÚNÍ 2025

Mætt eru: Anna Eyjólfsdóttir, Líska Attensperger, Pétur Thomsen, Anna Rún Tryggvadóttir, Helga Óskarsdóttir, Logi Bjarnason og Hulda Ágústsdóttir.

Ritari er Anna Rún. Fundarstjóri er Helga.

1. Ákvörðun um sætaskipan og fundartíma

Varaformaður er áfram Hlynur Helgason. Fundartími helst óbreyttur, fyrsti mánudagur í mánuði kl 16:00. Ekki verður fundað í júlí en næsti fundur verður eftir verslunarmannahelgi, mánudaginn 11. ágúst á netinu.

Stjórn fundar með rekstrarfélaginu mánaðarlega í byrjun hvers stjórnarfundar (30 mínútur).

2. Starfshlutfall formanns og starfslýsing

Uppfæra þarf hlutfall og laun formanns í starfslýsingu. Starfshlutfall formanns er 50% samkvæmt ákvörðun stjórnar á stjórnarfundum 6. maí 2024 þar sem fram kemur að "...laun formanns verði reiknuð út frá launatöflu SÍM. Viðmiðið er 50% starf og greiðist skv. launatöflu með 20% afslætti."

Endurskoða eftirfarandi málsgreinar í starfslýsingu:

a. "Formaður stjórnar vinnur í náinni samvinnu við framkvæmdastjóra. Ásamt stjórn gegnir hann eftirlits- og stuðningshlutverki við framkvæmdastjóra. Formaður hefur skrifstofu í húsnæði SÍM þar sem vinna formanns fer fram. Vinnutími er sveigjanlegur."

Verði: "Formaður stjórnar vinnur í náinni samvinnu við framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins og skrifstofustjóra..."

b. "Formaður ber ábyrgð á að skipuleggja þá fundi, senda út fundarboð, yfirfara fundargerðir, senda þær út til stjórnarmanna og halda þeim til haga í fundargerðarbók."

Skrifstofan heldur utan um fundargerðir og sendir þær á stjórn til samþykktar í lok fundar.

c. *Taka út:* "Formaður er áhreyrnarfulltrúi SÍM hjá Menningar- og ferðamálráði Reykjavíkurborgar – MOFr."

d. "Formaður stjórnar SÍM er tengiliður stjórnar við Myndstef ásamt kjörnum fulltrúum SÍM í þeirri stjórn og fulltrúaráði. Formaður SÍM er einnig tengiliður við Kynningarmiðstöð myndlistar ásamt fulltrúum SÍM í þeirri stjórn."

Verði: “Formaður stjórnar SÍM er tengiliður stjórnar við Myndstef ásamt kjörnum fulltrúum SÍM í þeirri stjórn og fagráði...”.

3. Tilnefning í úthlutunarnefnd listamannalauna

Stjórn tilnefnir 3 aðalmenn og 3 varamenn í nefndina. Haft verður samband við fólk á tilnefningarlista og valið í nefndina. Vegna gagnrýni í fyrra er ákveðið er að endurnýja nefndina að fullu fyrir næsta tímabil sem þýðir að enginn nefndarmaður situr tvö tímabil.

Á næsta aðalfundi verði ákveðið hvernig staðið skuli að tilnefningu samkvæmt ný samþykktum reglum um verklag við úthlutun. Þá verði lagt til að sérstök nefnd verði stofnuð til þess eins að tilnefna í stjórn listamannalauna með það að markmiði að tryggja fjarlægð og hlutleysi frá stjórnarmeðlimum.

4. Önnur mál

a. Stjórn kallar eftir rekstraráætlun frá Rekstrarfélagi SÍM og skrifstofu SÍM þar sem fram kemur hvernig eigi að bregðast við halla á rekstri á næsta ári.

b. Kallað er hér með eftir því að stjórnarmeðlimir skili hagsmunaskráningu í kjölfar fyrsta fundar.

c. Stjórn óskar eftir fundi með Ingibjörgu og endurskoðanda til þess að fá frekari útskýringu á tapi rekstarfélagsins og hvað á að gera til að koma í veg fyrir að það verði áframhaldandi halli á næsta ári. Stjórn móti stefnu og framtíðarsýn rekstarfélagsins.

d. Lísu hefur sagt upp störfum hjá SÍM. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningu nýs framkvæmdastjóra félagsins.